

Sogþörf



Tannvernd barna

LYDHEILSUSTÓÐ
1958 heft



Sogþörf er ungbörnum meðfædd og æskilegra að venja þau á snuð en að þau sjúgi á sér fingur. Setjið aldrei neitt sætt á snuðið. Hunang getur valdið maga- og þarmasýkingum hjá ungbörnum og í kjölfar tanntöku er ekkert eins skemmandi fyrir viðkvæmar tennur barnsins og sætindi.

Sogþörf barna er mismikil. Langvarandi snuðnotkun eða kröftugt fingursog getur valdið bitskekkju eins og krossbiti á jaxlasvæði, sem lýsir sér þannig að efri gómurinn er þrengri en sá neðri og/eða með opnu bili á milli framtanna við samanbit

Venjið barn af snuði fyrir 3 ára aldur

jaxla. Oftast ganga þessar breytingar sjálfkrafa til baka ef snuðnotkun/fingursogi er hætt fyrir þriggja ára aldur. Það getur gengið illa að venja börn af fingursogi og mikilvægt að leita aðstoðar tannlæknis í tíma, þar sem þörf reynist.

Nauðsynlegt er að venja barn af snuði fyrir þriggja ára aldur.

